

Brezki fáninn í Reykjavíkurhöfn

Það er sjaldgæf sjón orðin hér í Reykjavíkurhöfn að sjá vöruflutningaskip undir brezkum fána. — En um klukkan 7,45 í gær kvöldi sigldi hér út úr höfninni flutningaskipið „Passy“ hlaðið saltfiski, og blakti brezki fáninn að hún í norðanstrekkningnum. — Þetta var um 500 t. skip. Skipið var fullhlaðið, lúgufullt, eins og hafnarkallarnir segja, af bezta íslenska saltfiski til Suðurlanda. Það er orðið allanzt síðan að kaupar undir brezkum fána hef-ir legið hér við hafnargarðinn og tekið íslenskar vörur.


640 laxar

í Laxá í Kjós

VALDASTÖÐUM, 2. ágúst: — Frá 14. júlí til 28. júlí var laxveiðin í Laxá, Bugðu og í Meðalfellsvatni sem hér segir: Í Laxá veiddust 304 laxar. Alls hafa því veiðt í Laxá 640 laxar í tæpa 2 mánuði. Í Bugðu veiddust alls 63 laxar og í Meðalfellsvatni 10 laxar.

Auk þess hafa veiðt í Meðalfellsvatni 2700 silungar. Vantar þó tölur yfir veiddan silung hjá fólki, sem býr í sumarbústöðum við vatnið. Og ef til vill er eitt-hvað ótalið af laxi hjá þessu fólki sem ekki er komið á skrá hjá eftirlitsmanni, þegar þetta er skráð. — St. G.

Listkynning Mbl.



Listkynning Mbl. hefur undanfarið sýnt listvefnað eftir listakonuna Ásgerði Ester Búadóttur. Er myndin hér að ofan af einu listaverka hennar, sem á sýningunni eru.

Sólarorkan beizluð

Þannig lítur nýja bandaríska gervitunglið Könnuður VI. út. Þessi nýi Könnuður er talinn fullkonnasta og marg brotnasta gervitunglið, sem skotið hefur verið á loft. Ekki

einungis vegna þess, að öll hin fjölmörgu vísindatæki og sendistöðvar í tunglinu fá orku sína frá sólinni, heldur einnig vegna þess, að Könnuði VI er ætlað mjög marg-

þætt hlutverk. Höfuðverkefni- in eru 15, en auk þess mun Könnuður gera ýmsar fleiri athuganir og rannsóknir sem m. a. verða haldgóðar, þegar lögð verður síðasta hönd á undirbúning að fyrstu geimferðinni. — Það, sem sennilega vekur athygli lesandans, þegar hann lítur á myndina og

gerir í huganum samanburð við myndir af eldri gervitunglum, eru spjöldin fjögur, sem standa á stilkum út úr sjálfu tunglinu. Í rauninni er þetta eins og skipsskrúfa — og það eru „skrúfublöðin“ sem taka við orkugjafanum, sólargeislunum. Á „blöðunum“ eru um 8,000 „solar cellur“ og alltaf er tryggt, að helmingur þeirra snúi móti sólu — Könnuður VI, sem vegur tæpla 46 kg. verður sennilega á lofti í liðlega ár. Vanguard I, sem enn er á lofti, nýtur sólarorkunnar einnig á svip- aðan hátt, en sá útbúnaður er miklu frumstæðari og að mestu gerður í tilraunskyni.

Úr Austur Skagafirði:

Viða meira hey en allt sumarið í fyrra

BÆ á Höfðaströnd, 9. ágúst: — Eftir tvö stóráfelli í vor um 17. júní, sem elztu menn muna ekki eins, þar sem fé fennti og gróður, sem þá var kominn, visraði og bældist af fönn, héldu menn að hörmung mundi verða með grassprettu og annan gróður, en þetta hefur nú orðið eitthvað annað. Nú er eitt mesta sprettusumar, sem menn muna, túnin breiða á sig, og útlit er fyrir að seinni sláttur verði mjög góður. Er nú á nokkrum stöðum byrjað á seinni slætti og er lítill munur á honum og þeim fyrri með grassvöxt.

Ekki er hægt að segja, að góðir þurrkar hafi verið að staðaldri, en þó veit ég ekki annað en að hey hafi náðst lítið eða ekkert hrakin. Nú mun og víða vera komið eins mikið eða meira hey inn og allt sumarið 1958. Horfa menn nú með bjartsýni fram á veginn hvað þetta snerti.

Við rúning sauðfjár bar á því að eitthvað af lömbum vantaði eða voru móðurlaus vegna vorhretanna, en þó er haldið að minni brögð séu að fjársköðum en haldið var og búast mætti við.

Miklar jarðabætur.

Jarðabætur eru miklar eins og undanfarin ár og eru þar stórvirkar skurðgröfur og jarðýtur, sem Búnaðarsamband Skagfirðinga gerir út að verki. Bændurnir sjálfir fullvinna nú sín flög og ganga að öllu frá þeim. Jarðtætarar, sem einstaklingar eða búnaðarfélagin eiga eru að koma og eru þarfaping, sem tæta jarðveginn í sundur og fullvinna í einni og tveim umferðum. — Dráttarvélar eru líka að verða á

hverju heimili með tilheyrandi verkfærum, enda getur nú enginn búið sæmilegu búi nema að hafa þessi tæki.

Á sl. vori komu nokkrar Bamfords snúnings- og múgavélar hér í sveitina. Virðast þær taka öðrum vélum nokkuð fram, sérstaklega með vinnugæði, og eru sýnilega ekki viðhaldsfrekar.

Vegagerð og umferð.

Samfelldur bílastraumur er nú um veginn til Siglufjarðar og hefur líklega aldrei verið eins. Vegheflarnir hafa ekki við að hefla og er nokkuð kvartað um að vegur sé holóttur og brettóttur.

Unnið er nú að vegarlagningu aðalvegur um Fljóti á Siglufjarðarvegi. Er áætlað að ljúka undirbyggingu í haust að Sardósi eða Haganesvík. Einnig er byrjuð vegagerð á Almenningsi utan við Hraun og eitthvað er unnið að sprengingum í Strakum. Eygja menn nú að sú langþráða von rætast að vegur komist fyrir Stráka, sem fær verði í öllum sæmilegum vetrum. En vafalaust verða þó nokkur ár þar til að því marki verður náð.

Eins og að undanförunu gerir fólk mikið að því að setja upp tjöld sín meðfram vegum nálægt veiðivötnum eða á heimilum kunningja sinna. Er þetta skemmtilegt og tilbreyting, en þó getur gamanið farið af, ef mikið rignir og kalt er í veðri.

Einstaka bændur og konur þeirra gefa sér nú tíma til að taka sér nokkurra daga sumarfrí en þó eru það fleiri sem ekkert komast, því víða eru aðeins hjónin og smábörn við heyskapinn.

Má þá engri stund glata, jafnvel ekki sunnudögum.

Skemmtanir.

Eins og gefur að skilja vantar sízt skemmtanir. Unga fólk er á flegiferð um allar helgar, enda eru tækin til ferðalaga á hverju heimili næstum því. Þó þykir einna mest varið í fara sem lengst, t. d. í Húnaver, og Sauðárkrók. Annars þykir þetta ekki orðið nema bæjarleið að skjótaska 2—3 tíma á bil. Í júní bauð Kaupfélag Austur-Skagfirðinga félög um sínum til skemmtiferðar um Snæfellsnes. Þótti það mjög ánægjuleg ferð.

Sjósókn og aflabrogð.

Gæftir hafa verið góðar í sumar, það sem af er. Afli ekki mikill, en drjúgt, þegar alltaf er hægt að róa. Er því kominn mikill fiskur á land á Hofsósi og afkoma mjög sæmileg. Rauðsprettuveiði er töluvert stunduð hér með sjávarsiðunni og hafa þeir, sem að staðaldri eru við það, drjúgar tekjur. Veit ég um einn mann á báti, sem frá júní byrjun, er kóli var fyrst tekinn, hefir aflað fyrir rúmar 20,000 krónur og annar, sem hefur verið með smástrák með sér hefur aflað fyrir um 40,000 krónur á þessum tíma. — Silungsveiði hefur verið heldur minni en sl. ár, en er mikið stunduð, sérstaklega af ferðafólki sem þykir upplýfting af að dútla við það.

Heilsufar.

Í vor var mjög kvillasamt svo að lækni sagði að sjaldan hefði verið eins, en nú er eitthvað betra ástand á því sviði, enda má enginn vera að þeim óþarta um hásláttinn. — Björn.